



*Alþingi
Erindi nr. P 135/2200
komudagur 14.3.2008*

Mýrdalshreppur

Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um brunavarnir, 376. mál.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps er í meginatriðum samþykkt efni frumvarpsins sem er að mestu til komið vegna nýrra mannvirkjalaga en telur þó nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar.

Í 8. gr. er lögð til sú breyting á 11. gr. núv. laga um brunavarnir að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum með sérhæfðum búnaði skuli vera eitt af verkefnum slökkviliðs. Sveitarstjórn fagnar því að skilgreint sé hver skuli sjá um björgun á fastklemmdu fólki en minnir á að nauðsynlegt sé að fjármagn fylgi þessum málaflokki sem er ærið kostnaðarsamur bæði hvað varðar búnað og rekstur. Þá hafa björgunarsveitir víða komið sér upp búnaði og þekkingu við að bjarga fólki úr mannvirkjum og ekki sjálfgefið að þeim verkefnum sé betur komið hjá slökkviliðum.

Vík 10. apríl 2008

Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri